



Fréttabréf mars 2006
Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



Árshátíð Heiðarskóla 31. mars

Föstudaginn 31. mars verður árshátíð Heiðarskóla. Öll hefðbundin kennsla fellur niður þennan dag en nemendur mæti eins og hér segir:

Árshátíð 1. - 4. bekkinga verður frá kl. 9.00 - 10.00

Nemendur sýna skemmtiatriði á sal skólans. Frístundaskóli er opinn frá kl. 10.00

Árshátíð 5. - 7. bekkinga verður frá kl. 11.00 - 12.00

Nemendur sýna skemmtiatriði á sal skólans.

Árshátíð 8. - 10. bekkinga verður frá kl. 13.00 - 15.00

Nemendur í 8. - 10. bekk sýna söngleik. Að skemmtiatriðum loknum bjóða nemendur og foreldrar upp á kaffihlaðborð.

Foreldrar eru sérstaklega boðnir velkomnir á allar sýningarnar og vonumst við eftir að sjá sem flesta. Nemendur eru hvattir til að koma þrúðbúnir í skólann þennan hátíðardag.



Páskafri
hefst mánudaginn
10. apríl. Kennsla
hefst aftur
miðvikudaginn 19.
apríl samkvæmt
stundaskrá.

Myndir frá öskudegi

Bæði nemendur og starfsfólk skemmtu sér konunglega á öskudaginn og komu grímuklædd í skólann eins og vera ber. Meðal þess sem nemendum var boðið upp á var að fara í íþróttahús að dansa, spila í stofum og á sal, horfa á gamlar árshátíðir og margt fleira.



Leikhús og bíósýning

Það hefur verið mikið um að vera í Heiðarskóla í febrúar og mars. Við fengum tvær leiksýningar til okkar. Nemendur í 1. - 3. bekk sáu Sigu og skessuna og nemendur í 4. - 7. bekk sáu Landið Vifra sem byggir á ljóðum Þórarins Eldjárns. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru til Hafnarfjarðar að sjá forvarnaleikritið Hvað ef? í boði FFGÍR, Sparisjóðsins í Keflavík, Landsbankans, Hitaveitu Suðurneysa og Teits hópferða. Þá buðu Sambíóin, Sparisjóðurinn í Keflavík Samkaup og Hitaveita Suðurneysja nemendum í 7. - 10. bekk í bíó að sjá myndina March of the Penguins sem er heimildarmynd um líf keisaramörgæsa á Suðurskautslandinu.

Danskennsla



Allir nemendur Heiðarskóla fá danskennslu í vetur hluta úr skólaárinu. Það er Esther Níelsdóttir sem sér um danskennsluna. Á myndinni eru það nemendur í 2. bekk HH sem spreyta sig í dansinum.

Skautafærð

Föstudagsmorguninn 17. febrúar fóru 14 nemendur úr 9. ÞG í skautafærð í Egilshöllina.

Skautasvellið í Egilshöll er á efri hæð hússins og nemendur drifu sig beint á svellið ásamt kennara sínum sem ekki hafði stigið á skauta í mörg ár. Þeir nemendur sem vildu fengu byrjendakennslu á skautum ásamt íshökkíkennslu og síðan var íshökkí spilað af mikilli snilld. Við áttum svellið ein í klukkutíma en þá kom annar skóli sem stoppaði reyndar mjög stutt. Við pöntuðum síðan pizzu sem allir voru ánægðir með, skautuðum í hálf tíma í viðbót og héldum svo heim klukkan eitt.

Takk fyrir 9. ÞG, þetta var mjög skemmtileg ferð.

Þórey Garðarsdóttir umsjónarkennari í 9. ÞG



Heimsókn leikskólabarna

Skólahópar frá Heiðarseli og Garðaseli hafa verið duglegir að heimsækja okkur í Heiðarskóla á þessu skólaári. Leikskólabörnin hafa m.a. komið í íþróttir, tölvutíma og nú í mars komu þau í heimsókn í kennslustund í 1. bekk.



Hópastarf í stærðfræði

Undanfarnar vikur hafa nemendur í 4. bekk verið að glíma við stærðfræði á marga vegu. Öllum árgangnum hefur verið skipt upp í 12 fjögurra mann hópa þar sem glímt er við mismunandi verkefni. Meðal þess sem boðið er upp á eru margs konar spil eins og Phase 10, Þrennu, Sequense, Mancala, krossorðaspil og sjóorrustu. Þá hafa nemendurnir einnig verið að tefla, leysa þrautir og mæla ýmislegt innan skólans.



Frímínútur

Útivera í frímínútum er mikilvægur þáttur í skóla-starfinu en þar er frjáls leikur allsráðandi. Öll heilbrigð börn hafa gott af útiveru og því er mikilvægt að nemendur séu ekki inni í frímínútum nema nauðsyn krefji. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyþingasamt og rysjótt og við því er ekkert að gera. Þess vegna er íslenskum börnum frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttunni eins og hún er. Það er gott að fá ferskt loft í lungun og því viljum við í Heiðarskóla hvetja foreldra til að senda barn ekki skólann með miða með ósk um inniveru í frímínútum nema virkilega þurfi. Mikilvægt er klæða börnin eftir veðri og gott er að hafa auka sokka í skólatöskunni hjá yngstu nemendum.



Minning

Ég minnst hér um góðan mann,
hjá Jesús Kristi dvelur hann.

Hann var hér til að hjálpa mönnum,
hann bjargaði lífum, það er til sönnun.

Góða fjölskyldu hann átti,
þau gerðu oft eitthvað saman ef hann til mátti.

Þessi minning er ótrúleg,
en fréttin sjálf var hræðileg.

Þetta var mikið sjokk,
enda togaði ég fast í minn lokk.

Hún kom heim og hugsaði með sér,
um tímana sem hún átti með þér.

Hún elskar þig,
og saknar þín mikið.
Þetta ljóð eftir mig,
var vel gert og vel af sér vikið.

Ljóð eftir Anítu Sigurbjörgu Emilsdóttur 9. ÞG

Menningarstund í febrúar

Í febrúar var komið að seinni menningarstundinni okkar í vetur. Í þetta sinn voru það nemendur í oddatölubekkjum sem sýndu atriði fyrir skólafélaga sína. Eins og venjulega voru atriðin fjölbreytt. Nemendur sungu, dönsuðu, lásu upp, spiluðu á hljóðfæri, léku leikrit og einn hópurinn flutti útvarpsleikrit.



Skíðaferð

Fimmtudaginn 19. janúar fóru nemendur í 7. - 10. bekk á skíði í Bláfjöll. Lagt var af stað kl. 9 og skíðað til 15:00 í fínu veðri þó að þoka hefði verið að stríða okkur framan af. Þrátt fyrir nokkur óhöpp skemmtu nemendur sér vel og voru til fyrirmyndar í ferðinni.




Lestrarvinir

Í Heiðarskóla eiga yngri nemendur oft eldri nemendur sem lestrarvini eða eldri bekki sem vinabekki. Lestrarvinir lesa saman og vinabekkir spila, læra eða leika sér saman. Þannig sköpum við góðan anda meðal yngri og eldri nemenda í skólanum.



Upplestrarkeppnin

Undanfarin ár hefur verið haldin keppni í upplestri meðal nemenda í 7. bekk um allt land. Keppnin hefst formlega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Markmið upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði og að allir nemendur lesi upphátt sjálfum sér og öðrum til ánægju. Allur upplestur í tengslum við keppnina er fremur í ætt við hátíð en keppni. Í bekkjarkeppni nú í mars voru valdir 10 nemendur til að keppa á sal skólans um hvaða tveir verða fulltrúar skólans á lokahátíðinni. Þriðjudaginn 14. mars fór síðan fram keppnin á sal skólans þar sem fulltrúar Heiðarskóla í lokakeppnina voru valdir. Að þessu sinni verða það Grétar Þór Sigurðsson 7. bekk IS og Una María Unnarsdóttir 7. bekk KG sem keppa fyrir hönd Heiðarskóla í lokakeppninni 27. mars í Njarðvíkurkirkju.



Íþróttadagur



Í febrúar var íþróttadagur skólanum. Þennan dag kepptu nemendur á miðstigi og elsta stigi í fyrirframákveðnum íþróttagreinum í íþróttasal Heiðarskóla. Yngri nemendur léku sér í Reykjaneshöllinni í hoppuköstulum og ratleikjum.


Hugsað um barn í Heiðarskóla

Nemendur í 8. bekk fóru heim með „raunveruleikabarn“ síðustu helgina í febrúar. Raunveruleikabarnið er dúkka sem líkir eftir þörfum og hljóðum nýfædds barns. Tilgangurinn er að nemendur fái að kynna því að ala önn fyrir ungabarni eina helgi. Verkefnið gekk vel og var nóg að gera hjá nemendum þessa helgi.



Viðhorfskönnun meðal foreldra nemenda í 1., 4., 7. og 9. bekk 21. nóvember

Á foreldradaginn 21. nóvember var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra í 1., 4., 7. og 9. bekk. Könnunin var hluti af sjálfsmati skólans. Þátttaka foreldra í könnuninni var um 52%. Spurt var um ákveðna þætti í skólastarfinu og þætti sem við erum að skoða sérstaklega eins og samstarf heimila og skóla og skólakynningar okkar í haust. Það var áhugavert að sjá hve stór meirihluti er ánægður með þá þætti sem við spurðum um. Mikill meirihluti þeirra foreldra sem tók þátt í könnuninni (81%) hefur áhuga á að auka samstarf heimilis og skóla. Margir lýstu yfir áhuga á að taka þátt í uppákomum hjá nemendum og höfum við þegar nýtt okkur þessar niðurstöður með því að leita til foreldra til að fara með í ferðir á vegum skólans. 98% foreldra bera traust til starfsmanna skólans og 95% telja að skólinn njóti virðingar í samfélaginu. Við hvetjum foreldra til að kynna sér frekar niðurstöður úr þessari könnun en þær er að finna á heimasíðu skólans <http://heidarskoli.is/sjalfsmat/konnun21nov2005.htm>



Kennsluhættir eru fjölbreyttir og hvetjandi

Góðar gjafir

Heiðarskóla hafa verið færðar góðar gjafir undanfarna mánuði. Kristján Pálsson kom fyrir hönd fyrirtækisins Milli himins og jarðar og færði skólanum skákklukkur. Þá kom formaður foreldrafélagsins Viktor B. Kjartansson og færði skólanum spil sem kallast Phase 10. Mikill spila- og skákáhugi er í skólanum og þökkum við í Heiðarskóla kærlega fyrir okkur.



Nemendur í 9. bekk spila Phase 10

Nýjar tölvur

Nú hafa verið settar upp nýjar tölvur fyrir nemendur í skólanum. Þrjár nýjar tölvur eru staðsettar á bókasafninu og þrjár í miðrymi fyrir framan bókasafn. Þessar tölvur eru ætlaðar fyrir nemendur til að vinna verkefni tengd skólanum. Í skólanum er fyrir eitt tölvuver sem er mikið upptekið og því kærkomið fyrir kennara að geta nú sent nemendur til að vinna verkefni í þessum nýju tölvum.



Ljóð eftir nemendur í 3. bekk HT

Ef ég væri sögubók
þá mundi vera skrifað í mig
kannski: laradí, laradí, larada
eða rokk.

Kannski væri ég rifin eða mér hent í ruslið,
Það væri ekki gaman.

Höf: Markús Már

Ef ég væri prinsessa
Þá mundi ég kaupa mér kjól og blóm
og giftast prins og kyssa hann
og verða hamingjusöm
og borða með honum.

Höf: Birta Líf

Ef ég væri api
mundi ég fara í röð hjá hinum öpunum
og fara að borða sýklana á bakinu á hinum.

Ef ég væri ríkur
mundi ég fá alla peninga í heimi
það væri frábært.

Höf: Ólöf Edda